

**VIÐAUKI I**  
**SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS**

## 1. HEITI LYFS

Amyvid 800 MBq/ml stungulyf, lausn  
Amyvid 1.900 MBq/ml stungulyf, lausn

## 2. INNIHALDSLÝSING

Amyvid 800 MBq/ml stungulyf, lausn

Hver ml af stungulyfi, lausn inniheldur 800 MBq af florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) á kvörðunartíma (date and time of calibration, ToC).

Geislavirkni í hverju hettuglasi er á bilinu 800 MBq til 12.000 MBq á kvörðunartíma.

Amyvid 1.900 MBq/ml stungulyf, lausn

Hver ml af stungulyfi, lausn inniheldur 1.900 MBq af florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) á kvörðunartíma.  
Geislavirkni í hverju hettuglasi er á bilinu 1.900 MBq til 28.500 MBq á kvörðunartíma.

Flúor ( $^{18}\text{F}$ ) brotnar niður og myndar stöðugt súrefni ( $^{18}\text{O}$ ) með helmingunartíma u.þ.b. 110 mínútur, með því að gefa frá sér jáeindageislun (positron radiation) sem nemur 634 keV, og síðan ljóseindageislun vegna agnaeyðingar (photonic annihilation radiation) sem nemur 511 keV.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hver skammtur inniheldur allt að 790 mg af etanóli og 37 mg af natríum.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

## 3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

Tær, litlaus lausn.

## 4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 4.1 Ábendingar

Lyfið er eingöngu ætlað til sjúkdómsgreiningar.

Amyvid er geislaefni sem ætlað er til notkunar við myndgreiningu með PET-sneiðmynd (Positron Emission Tomography) af  $\beta$ -amyloid skellum í taugavef í heila fullorðinna sjúklinga með skerta vitræna starfsemi (cognitive impairment), sem verið er að meta með tilliti til Alzheimer sjúkdóms og annarra orsaka skertrar vitrænnar starfsemi. Nota á Amyvid samhliða klínísku mati.

Neikvæð sneiðmynd sýnir strjalar eða engar skellur, sem ekki samrýmist greiningu Alzheimer sjúkdóms. Sjá kafla 4.4 og 5.1 varðandi takmarkanir á túlkun jákvæðra sneiðmynda.

### 4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Beiðni um PET-sneiðmynd með florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) á að koma frá læknum með sérþjálfun í klínískri umönnun taugarýrnunar sjúkdóma.

Eingöngu þeir sem hlotið hafa þjálfun í túlkun PET-sneiðmynda með florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) eiga að túlka Amyvid sneiðmyndir. Ráðlagt er að sameina myndirnar nýlegri tölvusneiðmynd (CT) eða segulómunarmynd (MR) af sjúklingnum, í samsetta PET-CT eða PET-MR mynd, ef vafi leikur á staðsetningu gráa efnisins eða marka gráa og hvíta efnisins á PET-sneiðmyndinni (sjá kafla 4.4. Túlkun Amyvid sneiðmynda).

### Skammtar

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðinn einstakling sem vegur 70 kg er 370 MBq af florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ). Rúmmál inndælingarinnar á ekki að vera minna en 1 ml og ekki meira en 10 ml.

### Sérstakir sjúklingahópar

#### *Aldraðir*

Ekki er þörf fyrir skammtaaðlögun vegna aldurs.

#### *Skert nýrna- og lifrarstarfsemi*

Íhuga á vandlega hve mikla geislavirkni á að gefa, þar sem útsetning fyrir geislun getur verið aukin hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 4.4).

Ekki hafa verið gerðar ítarlegar rannsóknir á skammtabili og skammtaaðlögun fyrir lyfið hjá venjulegum sjúklingum eða sérstökum sjúklingahópum. Lyfjahvörf florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) hjá sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi hafa ekki verið rannsökuð.

#### *Börn*

Engin viðeigandi not eru fyrir Amyvid hjá börnum.

### Lyfjagjöf

Amyvid er til notkunar í bláæð og til fjölskammta notkunar.

Mæla á geislavirkni florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) með virknimæli (skammtakvörðunarmæli) rétt áður en lyfinu er dælt inn.

Lyfinu er dælt inn sem hleðsluskammti (bolus) í bláæð og skolað á eftir með 9 mg/ml (0,9%) natríumklóríðlausn til að tryggja að öllum skammtinum sé dælt inn.

Gjöf florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) um stuttan bláæðalegg (u.þ.b. 4 cm eða styttri) lágmarkar hættu á að geislavirka efnið loði við æðalegginn.

Florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) skal gefið með inndælingu í bláæð til að forðast geislun í nálæga vefi sem og myndgalla.

#### *Myndataka*

Hefja á töku 10 mínútna PET-sneiðmynda u.þ.b. 30 til 50 mínútum eftir að Amyvid er dælt í bláæð. Sjúklingar eiga að liggja láréttir með höfuðið staðsett þannig að heilinn, þ.m.t. litli heilinn, sé miðjaður í myndsviði PET-sneiðmyndataækisins. Nota má límband eða önnur sveigjanleg hjálpartæki til að takmarka höfuðhreyfingar. Beita á leiðréttingu á deyfðu merki (attenuation correction) við byggingu myndarinnar, þannig að punktastærð (pixel sizes) þvert á langás líkamans sé á milli 2,0 og 3,0 mm.

## **4.3 Frábendingar**

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

## 4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

### Takmarkanir á notkun

Jákvæð sneiðmynd staðfestir ekki ein sér greiningu Alzheimer sjúkdóms eða annarra vitrænna kvilla, þar sem skellur í gráa efni heilavefs geta verið til staðar hjá einkennalausum öldruðum einstaklingum og við tiltekin vitglöp af völdum taugarýrnunar (neurodegenerative dementias) (Alzheimer sjúkdóm, Lewy body vitglöp, vitglöp af völdum Parkinson sjúkdóms).

Sjá kafla 5.1 varðandi takmarkanir á notkun hjá sjúklingum með væga vitræna skerðingu (mild cognitive impairment, MCI).

Virgni Amyvid til að spá fyrir um þróun Alzheimer sjúkdóms eða fylgjast með svörun við meðferð hefur ekki verið staðfest (sjá kafla 5.1).

Erfitt getur verið að túlka sumar sneiðmyndir vegna myndsuðs (image noise), rýrnunar með þynningu heilabarkar eða óskýrleika, sem getur valdið villum í túlkun. Ef vafi leikur á staðsetningu gráa efnisins eða marka gráa og hvíta efnisins á PET-sneiðmyndinni og nýleg tölvusneiðmynd (CT) eða segulómunarmynd (MR) er tiltæk á sá sem túlkar myndina að skoða samsetta PET-CT eða PET-MR mynd til að skýra tengsl milli geislavirkni á PET-sneiðmyndinni og byggingar gráa efnisins.

Í einstaka tilvikum hefur orðið vart við aukna upptöku í öðrum vefjum en heila, svo sem munnvatnskirtlum, húð, vöðvum og beini (sjá kafla 5.2). Skoðun langsniða og samstilltra CT eða MR mynda getur komið að gagni við að skilja á milli beins og gráa efnisins í hnakka.

### Einstaklingsbundið mat á ávinningi og áhættu

Fyrir hvern sjúkling verður að vera hægt að réttlæta útsetningu hans fyrir geislun með líklegum ávinningi. Geislavirknin sem notuð er á ávallt að vera minnsti skammtur sem dugar til að afla nauðsynlegra upplýsinga til greiningar.

### Skert nýrnastarfsemi og skert lifrarástarfsemi

Íhuga á vandlega ávinning og áhættu hjá þessum sjúklingum, þar sem hugsanlegt er að útsetning fyrir geislun geti verið aukin. Florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) er einkum skilið út um lifur og gall og hugsanlegt er að útsetning fyrir geislun sé aukin hjá sjúklingum með skerta lifrarástarfsemi (sjá kafla 4.2).

### Börn

Sjá kafla 4.2 og 5.1 varðandi notkun hjá börnum.

### Túlkun Amyvid sneiðmynda

Eingöngu þeir sem hlotið hafa þjálfun í túlkun PET-sneiðmynda með florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) eiga að túlka Amyvid sneiðmyndir. Neikvæð sneiðmynd sýnir strjála eða enga þéttni  $\beta$ -amyloid skellna í heilaberki. Jákvæð sneiðmynd sýnir miðlungs eða mikla þéttni. Villur, þ.m.t. falskar neikvæðar niðurstöður, hafa komið fyrir við túlkun sneiðmynda hvað varðar mat á þéttni  $\beta$ -amyloid skellna í taugavef í heila.


Aðallega á að skoða myndir sem teknar eru í þversniði (transaxial) og bera saman við myndir sem teknar eru í langsniði (sagittal) og breiðsniði (coronal) eftir þörfum. Ráðlagt er að skoða allar myndir sem teknar eru í þversniði af hverjum heila í svart-hvítum litakvarða þar sem hámarksþéttni kvarðans er jöfn hámarksþéttni allra myndpunkta (pixels) í heilanum.

Túlkun sneiðmyndarinnar sem neikvæðrar eða jákvæðrar er fengin með því að bera saman sjónrænt virkni í gráa efni heilabarkarins og virkni í aðlægu hvíta efni (sjá mynd 1).

Á neikvæðum sneiðmyndum er meiri virkni í hvíta efninu en gráa efninu, þannig að skörp skil milli hvíta og gráa efnisins (grey-white contrast) verða. Á jákvæðum sneiðmyndum er annað hvort:

- Tvö eða fleiri heilasvæði (hvert um sig stærra en stök fellung í heilaberki) þar sem skerpuskil milli hvíta og gráa efnisins eru minnkuð eða engin. Þetta er algengasta útlit jákvæðra sneiðmynda; eða
- Eitt eða fleiri svæði þar sem virkni í gráa efninu er mikil og greinilega meiri en virkni í aðlægu hvítu efni.

**Mynd 1: PET-sneiðmyndir með Amyvid, sem sýna dæmi um neikvæðar sneiðmyndir (tvær efri raðirnar) og jákvæðar sneiðmyndir (tvær neðri raðirnar). Myndirnar sýna PET-sneiðmyndir í langsníði (sagittal), breiðsníði (coronal) og þversníði (transverse), talið frá vinstri til hægri. Yst til hægri er stækkuð mynd af svæðinu innan rammans. Efri örvarnar tvær benda á eðlileg skerpuskil (contrast) milli gráa og hvíta efnisins, þar sem virkni í heilaberki er minni en í aðlægu hvítu efni. Neðri örvarnar tvær benda á svæði með minni skerpuskilum milli gráa og hvíta efnisins og aukinni virkni í heilaberki sem er sambærileg og virkni í aðlægu hvítu efni.**



*Viðbótarnotkun á meginðlegum upplýsingum í túlkun á niðurstöðum myndatöku:*

Eingöngu þeir sem hafa hlotið þjálfun í að nota meginðlegar upplýsingar til að bæta túlkun myndupplýsinga eiga að greina viðbótarupplýsingar um amyloid-skellur sem fengnar eru með sneiðmyndatöku (PET). Þetta á einnig við um ráðleggingar um val á viðeigandi hugbúnaði til að styðja þær aðferðir sem notaðar eru. Innlimun meginðlegra upplýsinga sem fást með CE-merktum myndgreiningarhugbúnaði sem viðbót við túlkun myndupplýsinga getur gefið nákvæmari niðurstöður. Fyrst ætti að skoða myndirnar sjónrænt og síðan ætti að framkvæma greiningu í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, þar á meðal gæðamat af greiningarferlinu, og bera greiningu myndarinnar

saman við dæmigerð mörk jákvæðra og neikvæðra sneiðmynda. Ef niðurstaða greiningarinnar er ekki í samræmi við upphaflega sjónræna túlkun:

1. Athuga skal hvort staðsetning í rými sé innan eðlilegra marka og hversu vel myndin passar við sniðmátið til að staðfesta rétta legu þeirra svæða sem sérstaklega á að skoða (e. regions of interest, ROI), leitið eftir heila- og mænuvökva eða beinmassa innan ROI og metið hugsanleg áhrif rýrnunar eða víkkunar heilahólfa á greininguna.
2. Endurmeta skal rökstuðning fyrir ákvörðun um jákvæða eða neikvæða túlkun.
  - a. Ef myndin er upphaflega metin sjónrænt sem jákvæð fyrir amyloid-skellum en greiningin er neikvæð skal lækurinn íhuga hvort jákvæð sjónræn túlkun gæti verið byggð á smávægilegri uppsöfnun á svæðum utan ROI sem eru vegna staðlaðs upptökuhlutfalls (e. standardised uptake value ratio, SUVR) í heila.
  - b. Ef myndin er upphaflega metin sjónrænt sem neikvæð en greiningin er jákvæð fyrir amyloid-skellum skal skoða sérstaklega svæðin sem samsvara ROI með hækkuðu SUVR til að meta hvort skörpum skilum milli hvíta og grúa efnisins á þessum svæðum hafi fækkað.
3. Skoða skal svæði litla heila (e. cerebellum) til að staðfesta að ROI sé rétt metið og hve mikið má sjá af skörpum skilum milli hvíta og grúa efnisins, þetta gerir kleift að bera svæðið sjónrænt saman við heilabörkinn. Íhuga skal hvort hugsanlega geti verið frávik í uppbyggingu sem gætu haft áhrif á greiningu svæðisins í litla heila.
4. Framkvæma skal lokatúlkun á sneiðmyndinni með hliðsjón af sjónrænu lokamati eftir að búið er að framkvæma skref 1-3 hér að ofan.

#### Eftir gjöf lyfsins

Takmarka á nána snertingu sjúklings við ungbörn og þungaðar konur fyrstu 24 klukkustundirnar eftir að lyfið er gefið.

## Natríum

Lyfið inniheldur allt að 37 mg af natríum í hverjum skammti sem jafngildir 1,85% af daglegri hámarksinntöku natríums sem er 2 g fyrir fullorðna skv. ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

## Etanól

Lyfið inniheldur 790 mg af alkóhóli (etanóli) í hverjum 10 ml skammti, sem samsvarar 11,3 mg/kg (sé lyfið gefið fullorðnum einstaklingi sem vegur 70 kg). Magnið í 10 ml af lyfinu samsvarar allt að 20 ml bjórs eða 8 ml léttvíns.

Þetta litla magn alkóhóls (etanóls) í lyfinu mun ekki hafa nein merkjanleg áhrif.

### **4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir**

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á milliverkunum *in vivo*.

Rannsóknir á bindingu lyfsins *in vitro* hafa ekki sýnt röskun á bindingu florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) við  $\beta$ -amyloid skellur í nærveru annarra algengra lyfja sem sjúklingar með Alzheimer sjúkdóm taka.

### **4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf**

#### Konur á barneignaraldri

Þegar íhugað er að gefa konu á barneignaraldri geislavirk lyf er mikilvægt að ganga úr skugga um hvort hún er þunguð. Gera á ráð fyrir að kona sem hefur sleppt úr tíðum sé þunguð, þar til sýnt er fram á annað. Ef vafi leikur á þungun (ef konan hefur sleppt úr tíðum, ef tíðir eru mjög óreglulegar o.s.frv.) á að gefa sjúklingunum kost á öðrum aðferðum sem ekki nýta jónandi geislun, séu þær tiltækar.

#### Meðganga

Notkun geislavirkra efna hjá þunguðum konum felur einnig í sér að fóstrið verður fyrir geislun. Því á eingöngu að gera slíkar rannsóknir á meðgöngu ef brýna nauðsyn ber til og líklegur ávinningur vegur mun þyngra en hætta fyrri móður og fóstur.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á notkun lyfsins á meðgöngu. Engar dýrarrannsóknir hafa verið gerðar til að meta áhrif florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) á æxlun (sjá kafla 5.3).

#### Brjóstgjöf

Ekki er vitað hvort florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) skilst út í brjóstamjólki við brjóstgjöf. Áður en móður með barn á brjósti eru gefin geislavirk efni á að íhuga möguleika á að fresta gjöf efnisins þar til hún hefur hætt brjóstgjöf og hvaða geislavirku lyf henta best með tilliti til útskilnaðar geislavirkni í brjóstamjólki. Ef gjöf lyfsins er talin nauðsynleg á að gera 24 klukkustunda hlé á brjóstgjöf og farga brjóstamjólki sem til fellur á þeim tíma.

Takmarka á nána snertingu sjúklings við ungbörn fyrstu 24 klukkustundirnar eftir að lyfið er gefið.

#### Frjósemi

Engar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum lyfsins á frjósemi.

### **4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla**

Amyvid hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

## 4.8 Aukaverkanir

### Samantekt öryggisupplýsinga

Öryggisupplýsingar um Amyvid byggja á gjöf þess hjá 2.105 sjúklingum í klínískum rannsóknum.

### Tafla yfir aukaverkanir

Tíðniflokkar aukaverkana eru skilgreindir sem mjög algengar ( $\geq 1/10$ ); algengar ( $\geq 1/100$  til  $< 1/10$ ); sjaldgæfar ( $\geq 1/1.000$  til  $< 1/100$ ); mjög sjaldgæfar ( $\geq 1/10.000$  til  $< 1/1.000$ ); koma örsjaldan fyrir ( $< 1/10.000$ ); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Þó aukaverkanir komi í raun fyrir með lægri tíðni en sýnt er hér að neðan leyfði stærð gagnagrunnsins ekki notkun minni tíðni en „sjaldgæfar“ ( $\geq 1/1.000$  til  $< 1/100$ ).

Líffæraflokkur	Algengar	Sjaldgæfar
Taugakerfi	Höfuðverkur	Bragðtruflanir
Æðar		Roðapöt
Meltingarfæri		Ógleði
Húð og undirhúð		Klái Ofsaklái
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað		Viðbrögð á stungustað <sup>a</sup> Útbrot á innrennslisstað

<sup>a</sup>Meðal viðbragða á stungustað eru blæðing á stungustað, ónot á stungustað og verkur á stungustað

Útsetning fyrir jónandi geislun tengist myndun krabbameins og hugsanlegri þróun erfðagalla. Þar sem virkur skammtur er 7 mSv þegar ráðlagður 370 MBq skammtur af florbetapír (<sup>18</sup>F) er gefinn eru litlar líkur á slíkum aukaverkunum.

### Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

## 4.9 Ofskömmun

Vegna lítills magns af florbetapír (<sup>18</sup>F) í hverjum skammti er ekki gert ráð fyrir að ofskömmun geti leitt til lyfjafræðilegra áhrifa. Ef gefinn er skammtur sem gefur frá sér of mikla geislun á að draga úr áhrifunum eins og kostur er með því að örva brotthvarf geislavirka efnisins úr líkamanum með tíðum þvaglátum og hægðum. Gagnlegt getur verið að áætla hve stór virkur skammtur var gefinn.

## 5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

### 5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Geislavirk lyf til sjúkdómssgreininga, miðtaugakerfi, ATC-flokkur: V09AX05.



## Verkunarhátur

Florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) binst við  $\beta$ -amyloid skellur í taugavef. Hefðbundin vefjafræðileg litun á taugavef í heila úr látnum sjúklingum með Alzheimer sjúkdóm sýndi fram á tölfræðilega marktæka ( $p < 0,0001$ ) samsvörun milli bindingar florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) *in vitro* og útfellingar  $\beta$ -amyloid kekkja. Tengsl milli upptöku florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) í gráa efni heilabarkar og heildarálags af völdum  $\beta$ -amyloid voru metin *in vivo* hjá sjúklingum við ævilok með því að nota 4G8 and-amyloid mótefni sem litar  $\beta$ -amyloid bæði í skellum í taugavef og dreifðum skellum. Binding florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) við aðrar  $\beta$ -amyloid myndanir eða önnur efni eða viðtaka í heila *in vivo* er enn ekki þekkt.

## Lyfhrif

Við þá lágu þéttni sem til staðar er í Amyvid hefur florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) engin greinanleg lyfjafræðileg áhrif.

Í klínískum rannsóknum sem gerðar hafa verið var upptaka florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) á 6 fyrir fram skilgreindum svæðum í heilaberki (forfleyg (precuneus), ennisblaði (frontal), fremri gyrðilsfellingu (anterior cingulate), aftari gyrðilsfellingu (posterior cingulate), hvirfilblaði (parietal) og gagnaugablaði (temporal)) mæld í stöðluðum upptökugildum (standardised uptake values, SUV). Meðalgildi hlutfallslegra SUV gilda í heilaberki (miðað við SUV gildi fyrir litla heila) eru hærri hjá sjúklingum með Alzheimer sjúkdóm en hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum. Meðalgildi hlutfalls SUV gilda í heilaberki og litla heila hjá sjúklingum með Alzheimer sjúkdóm hækka samfellt og umtalsvert á fyrstu 30 mínútum eftir gjöf lyfsins, en eftir það verða aðeins minni háttar breytingar fram að 90 mínútum eftir gjöf lyfsins. Enginn munur sást á hlutfallslegum SUV gildum hjá sjúklingum sem fengu hefðbundna meðferð við Alzheimer sjúkdómi og sjúklingum sem ekki fengu slíka meðferð.

## Verkun

Gerð var lykilrannsókn á 59 sjúklingum við ævilok með því markmiði að meta hæfni Amyvid til að greina þéttni skellna í taugavef í heilaberki (engar eða strjálur skellur borið saman við miðlungi tíðar eða tíðar skellur). Niðurstöður úr PET-sneiðmyndum voru bornar saman við hámarksþéttni skellna í taugavef sem mæld var í sneiðum af heilaberki úr ennisblaði, gagnaugablaði og hvirfilblaði við krufningu sjúklingsins, innan 24 mánaða eftir að PET-sneiðmyndin var tekin. Ekki var unnt að meta vitrænt ástand sjúklunga með áreiðanlegum hætti. 5 geislalæknar túlkuðu PET-sneiðmyndir allra 59 sjúklunga á blindaðan hátt og var greiningarnæmi meirihluta þeirra 92% (95% öryggismörk: 78-98%) og sértækni var 100% (95% öryggismörk: 80-100%). Í rannsókn á 47 ungum (<40 ára), heilbrigðum sjálfboðaliðum, sem taldir voru lausir við  $\beta$ -amyloid, voru allar Amyvid PET-sneiðmyndir neikvæðar.

Næmi og sértækni Amyvid til að greina þéttni skellna í taugavef í heilaberki var rannsakað frekar í tveimur viðbótarrannsóknum, þar sem mismunandi hópar túlkenda túlkuðu myndir frá sumum sjúklingum sem fylgt var fram að krufningu í lykilrannsókninni. Niðurstöður þeirra fylgdu náíð niðurstöðum úr lykilrannsókninni. Samsvörun milli túlkenda, metin með Fleiss' kappu gildum, var á bilinu 0,75 til 0,85. Í langsníðsrannsókn (longitudinal study) voru teknar florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) PET-sneiðmyndir við upphaf rannsóknarinnar af 142 sjúklingum (sem höfðu verið klínískt greindir með væga vitræna skerðingu (mild cognitive impairment, MCI), Alzheimer sjúkdóm eða eðlilegt vitrænt ástand) og var þeim fylgt eftir í 3 ár til að meta tengsl milli Amyvid sneiðmynda og breytinga á greiningu.

Greiningarhæfni PET-sneiðmynda sem teknar voru með florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) er sýnd í töflunni hér að neðan:

	<i>Samsvörun við upphaflega greiningu á vægri vitrænni skerðingu</i> N=51	<i>Samsvörun við upphaflega greiningu á klínískum Alzheimer sjúkdómi</i> N=31
<b>Næmi</b>	19/51 = 37,3% (95% CI: 24,1-51,9%)	21/31 = 67,7% (95% CI: 51,3-84,2%)
<b>Sértækni</b>	<i>Sjúklingar sem ekki voru með væga vitræna skerðingu (heilbrigðir og með klínískan Alzheimer sjúkdóm)</i> 69/100 = 69,0% (95% CI: 59,9-78,1%)	<i>Sjúklingar sem ekki voru með Alzheimer sjúkdóm (heilbrigðir og með væga vitræna skerðingu)</i> 91/120 = 75,8% (95% CI: 68,2-83,5%)
<b>Jákvætt líkindahlutfall</b>	1,20 (95% CI: 0,76-1,91)	2,80 (95% CI: 1,88-4,18)

Af sjúklingum sem höfðu verið klínískt greindir með væga vitræna skerðingu við inntöku í rannsóknina breyttist greining í klínískan Alzheimer sjúkdóm hjá 9 (19%) 36 mánuðum síðar. Af 17 sjúklingum með væga vitræna skerðingu og jákvæða PET-sneiðmynd greindust 6 (35%) með líklegan klínískan Alzheimer sjúkdóm 36 mánuðum síðar, borið saman við 3 (10%) af 30 sjúklingum með neikvæða sneiðmynd. Næmi Amyvid-sneiðmynda til að sýna breytingu greiningar úr vægri vitrænni skerðingu í Alzheimer sjúkdóm, hjá 9 sjúklingum sem það átti við um, var 66,7% (95% CI: 35-88%), sértækni hjá 38 sjúklingum þar sem greining breyttist ekki var 71,0% (95% CI: 55-83%) og jákvætt líkindahlutfall var 2,31 (95% CI: 1,2-4,5). Uppsetning rannsóknarinnar leyfði ekki mat áhættu fyrir breytingu greiningar úr úr vægri vitrænni skerðingu í klínískan Alzheimer sjúkdóm.

#### *Viðbótarnotkun á megindegum upplýsingum í túlkun á niðurstöðum myndatöku*

Hagkvæmni og áreiðanleiki þess að nota CE-merktan greiningarhugbúnað sem viðbót við klíníska eigindlega túlkun var skoðað í tveimur rannsóknum þar sem þrír mismunandi hugbúnaðarpakkar til megindegrar greiningar sem fáanlegir eru á almennum markaði voru notaðir. Þátttakendur sem lásu úr gögnum mátu í byrjun 96 sneiðmyndatökur, þar af voru 46 sneiðmyndatökur þar sem greining hafði verið fengin með krufningu (e. autopsy standard of truth). Aðferðin sem notuð var fólst í því að sjónræn eigindleg túlkun var notuð til að finna upphafsgildi og síðan voru sömu myndir metnar með eða án þess að nota megindegar upplýsingar sem fengnar voru með hugbúnaði. Hjá öllum þátttakendum sem lásu úr gögnum og höfðu aðgang að megindegum upplýsingum jókst hlutfall rétrar greiningar (í þeim tilfellum þar sem greining hafði verið fengin með krufningu) úr 90,1% við upphaf í 93,1% (p-gildi <0,0001), án þess að hægt væri að sjá að næmi eða sértækni minnkaði.

## Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Amyvid hjá öllum undirhópum barna þar sem engar áætlanir liggja fyrir um notkun lyfsins handa börnum).

## **5.2 Lyfjahvörf**

### Dreifing

Florbetapir (<sup>18</sup>F) dreifist um allan líkamann innan nokkurra mínútna frá gjöf og er síðan brotið hratt niður.

### Upptaka í líffæri

Hámarks upptaka florbetapir (<sup>18</sup>F) í heila verður innan nokkurra mínútna eftir gjöf lyfsins og er það síðan hreinsað fljótt úr heila á fyrstu 30 mínútum eftir að það er gefið. Mest útsetning fyrir lyfinu er í þeim líffærum sem sinna úthreinsun þess, einkum gallblöðru, lifur og þörmum.

Hjá heilbrigðum einstaklingum situr tiltölulega lítið af florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) eftri í heilaberki og litla heila. Svæðisbundin greining sýnir að lítilliga meira situr eftir í rófu (caudate), gráhyði (putamen) og dreka (hippocampus). Mest er upptakan í svæðum sem einkum eru úr hvítu efni (brú (pons) og svæði undir gráa efni heilabarkar (centrum semiovale)). Hjá sjúklingum með Alzheimer sjúkdóm er upptaka marktækt meiri í svæðum í heilaberki og gráhyði en hjá samanburðareinstaklingum. Eins og hjá samanburðareinstaklingum er upptaka lítil í litla heila og dreka en mikil í brú og svæði undir gráa efni heilabarkar (centrum semiovale) hjá sjúklingum með Alzheimer sjúkdóm.

Ekki er hægt að útskýra til fulls eðlisfræðilegar ástæður þess að florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) situr eftir í hvíta efninu í lifandi mannsheila. Því hefur verið haldið fram að hægari útskilnaður geislavirka lyfsins eigi þátt í því að það situr eftir í hvíta efninu, þar sem svæðisbundið blóðflæði í hvíta efninu er minna en helmingur þess sem er í heilaberki. Í einstaka tilvikum hefur upptaka einnig sést í vefjum utan heilans, svo sem hársverði, munnvatnskirtlum, vöðvum og höfuðkúpubeinum. Ástæða þessarar upptöku er óþekkt, en hún getur stafað af uppsöfnun florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) eða geislavirkra niðurbrotsefna þess eða af geislavirkni í blóði.

### Brotthvarf

Brotthvarf verður einkum við úthreinsun um lifur og útskilnað í gallblöðru og þörmum. Nokkur uppsöfnun/útskilnaður sést einnig í þvagblöðru. Geislavirkni í þvagi er til staðar í skautuðum niðurbrotsefnum florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ).

### Helmingunartími

Florbetapir ( $^{18}\text{F}$ ) er hreinsað mjög hratt úr blóðrás eftir inndælingu í bláæð. Minna en 5% af þeirri  $^{18}\text{F}$  geislavirkni sem dælt er inn er enn til staðar í blóðrás 20 mínútum eftir gjöf lyfsins og minna en 2% 45 mínútum eftir gjöf lyfsins. Það  $^{18}\text{F}$  sem enn er eftir í blóðrás á 30-90 mínútna tímaglugganum þegar sneiðmyndin er tekin er einkum til staðar sem skautuð efnasambönd sem innihalda  $^{18}\text{F}$ . Helmingunartími geislunar  $^{18}\text{F}$  er 110 mínútur.

### Skert nýrna- eða lifrarstarfsemi

Lyfjahlöf hjá sjúklingum með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi hafa ekki verið rannsökuð.

## **5.3 Forklínískar upplýsingar**

### Eituráhrif hjá dýrum og lyfjafræðilegt öryggi

Niðurstöður úr hefðbundnum forklínískum rannsóknum á lyfjafræðilegu öryggi og eituráhrifum stakra og endurtekinnna skammta, þar sem florbetapir [ógeislavirkt form florbetapir ( $^{18}\text{F}$ )] var notað, hafa ekki leitt í ljós sérstaka hættu fyrir menn. Rannsókn á bráðaskömmun hjá rottum leiddi í ljós að stærstu skammtar sem ekki höfðu skaðleg áhrif (no observable adverse effect level, NOAEL) voru a.m.k. 100 sinnum hámarksskammtur handa mönnum. Hugsanleg eituráhrif af endurteknum inndælingum florbetapir í bláæð hjá rottum og hundum í 28 daga voru rannsökuð og var NOAEL a.m.k. 25 sinnum hámarksskammtur handa mönnum.

Í viðsnúnu stökkbreytingaprófi hjá bakteríum *in vitro* (Ames prófi) sást aukning í fjölda viðsnúinna þyrpinga (revertant colonies) hjá 2 af 5 stofnum sem útsettir voru fyrir florbetapir. Í rannsókn á litningabrenslun í ræktuðum eitlifrumum úr útæðablóði manna *in vitro* jók florbetapir ekki hlutfall frumna með litningabrenslun við 3 klukkustunda útsetningu, með eða án virkjunar, en 22 klukkustunda útsetning olli aukningu á litningabrenslun við alla styrkleika sem prófaðir voru. Hugsanleg eituráhrif florbetapir á erfðaefni *in vivo* voru metin í örkjarnaprófi hjá rottum. Stærsti skammtur af florbetapir sem náðist í því prófi, 372  $\mu\text{g}/\text{kg}/\text{dag}$ , jók ekki fjölda smákjörnóttra ófullþroska rauðra blóðkorna (micronucleated polychromatic erythrocytes) þegar hann var gefinn tvisvar á dag í 3 daga í röð. Sá skammtur er u.þ.b. 500 sinnum hámarksskammtur handa mönnum, og sýndi hann engin merki um stökkbreytandi áhrif.

Engar rannsóknir hafa verið gerðar til að meta langtímaáhrif florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ) á krabbameinsmyndun, frjósemi eða æxlun.

Engar dýrarannsóknir hafa verið gerðar á eituráhrifum eða lyfjafræðilegu öryggi florbetapír ( $^{18}\text{F}$ ).

## **6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **6.1 Hjálparefni**

Etanól, vatnsfrítt  
Natríum askorbat  
Natríum klóríð  
Vatn fyrir stungulyf

### **6.2 Ósamrýmanleiki**

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

### **6.3 Geymsluþol**

Amyvid 800 MBq/ml, stungulyf, lausn

7,5 klukkustundir frá kvörðunartíma.

Amyvid 1.900 MBq/ml, stungulyf, lausn

10 klukkustundir frá kvörðunartíma.

### **6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu**

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluhitastig lyfsins.

Geymsla geislavirkra lyfja á að vera samkvæmt gildandi reglum um geislavirk efni.

### **6.5 Gerð íláts og innihald**

Amyvid er í 10 ml eða 15 ml hettuglösnum úr glæru bórsilikatgleri af tegund I með FluroTec-húðuðum töppum úr klóróbútýl fjölliðu og álhettu.

Amyvid 800 MBq/ml stungulyf, lausn

Eitt fjölskammta 10 ml hettuglas inniheldur 1 til 10 ml af lausn, sem samsvarar 800 til 8.000 MBq á kvörðunartíma.

Eitt fjölskammta 15 ml hettuglas inniheldur 1 til 15 ml af lausn, sem samsvarar 800 til 12.000 MBq á kvörðunartíma.

Amyvid 1.900 MBq/ml stungulyf, lausn

Eitt fjölskammta 10 ml hettuglas inniheldur 1 til 10 ml af lausn, sem samsvarar 1.900 til 19.000 MBq á kvörðunartíma.

Eitt fjölskammta 15 ml hettuglas inniheldur 1 til 15 ml af lausn, sem samsvarar 1.900 til 28.500 MBq á kvörðunartíma.

Vegna mismunandi framleiðsluferla er hugsanlegt að hettuglös með sumum lotum séu afhent með götuðum gúmmítöppum.

Hvert hettuglas er í varnarumbúðum af viðeigandi þykkt til að lágmarka útsetningu næsta umhverfis fyrir geislun.

Pakkningastærð: 1 hettuglas.

## **6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun**

### Almenn varnaðarorð

